

# GJALLAR- hornið

Pemahefti um fjölmiðla



## KENNSLULEIÐBEININGAR

Gjallarhornið – þemahefti um fjölmiðla  
kennsluleiðbeiningar – 8996

© Helgi Grímsson 2012

© Anna Guðmundsdóttir 2012 bls. 10–11

© Marteinn Sigurgeirsson 2012 bls. 18–19

Ritstjórar: Harpa Pálmadóttir og Sigríður Wöhler

Yfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir

1. útgáfa 2012

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

## Inngangur

Fjölmiðlar spegla samfélagið og hafa um leið mikil áhrif á það. Þemaheftinu *Gjallarhornið* er ætlað að veita grunnskólanemendum á miðstigi grunnskóla innsýn í heim fjölmiðla, stuðla að betra fjölmiðla- og auglýsingalæsi þeirra og gera þá hæfari til þess að starfrækja eigin fjölmiðil. Vinna með heftið getur einnig gagnast nemendum við uppfærslu leikrita, sýningu skemmtiatriða, rannsóknarvinnu og við fjölbreytt verkefnaskil.

Í nemendaheftinu samfléttast ýmsir þættir íslensku, samfélagsfræði, upplýsinga- og tæknimenntar og listgreina. Þá tengist þemaheftið ýmsum grunnþáttum menntunar svo sem læsi, lýðræði- og mannréttindum, jafnrétti og sköpun

## Nemendaheftið

Nemendaheftinu er að mestu skipt í kafla eftir viðfangsefnum starfsfólks fjölmiðla. Hugtakið fjölmiðill er skilgreint, fjallað er um þau fjölbreyttu verkefni sem starfsfólk fjölmiðla glímur við, nemendum eru gefnar leiðbeiningar um hvað þeir þurfi að hafa í huga við eigin fjölmiðlastörf og hvaða víti þurfi að varast við rýni fjölmiðla.

Fyrsti og annar kaflinn fjalla almennt um fjölmiðla og þau margslungnu og fjölbreyttu verkefni sem blasa við þeim hópum sem starfa saman að rekstri fjölmiðla. Í þriðja kafla er velt upp spurningum um nöfn fjölmiðla og hvers konar fjölmiðil nemendur vilji starfrækja. Í næstu köflum er fjallað um þá starfsmenn sem vinna á fjölmiðlum: blaðamenn, lesara, tækni- og tónlistarfólk, starfsfólk leikmyndadeildar, umbrotsfólk, ljósmyndara, fólkið í markaðsdeild og ritstjórana. Í lok heftisins eru gátlistar sem nemendur geta nýtt sér við rekstur eigin fjölmiðils.

## Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningar skiptast í:

1. Almennan inngang sem fjallar um efnið og kennsluhætti.
2. Umfjöllun og ábendingar um meðferð þemaheftis.
3. Umfjöllun um fjölmiðlanefnd.

## Skipulag

Gengið er út frá því að þemaheftið nýtist nemendum við rekstur eigin fjölmiðils. Vinna með þemaheftið er gagnslítill ef nemendur fá ekki að spreyta sig sjálfir í fjölmiðlaheiminum.

Áhersla er lögð á að:

1. nemendahópurinn vinni saman að fjölmiðlinum, komi sér saman um innihald, útlit og miðlun/dreifingu. Kennarinn getur komið með ákveðna kveikju en nemendur síðan brotið heilann um mögulegar útfærslur.
2. hver og einn nemandi velji sér sjálfur viðfangsefni; að frumkvæðið komi frá honum sjálfum. Þeir geta valið sér efni út frá styrkleikum sínum eða áhugasviði.

Kennsluhættir þurfa að miða að því að styrkja nemendur til þess að starfrækja fjölmiðil með hópi skólafélaga með ábyrgum og sjálfstæðum hætti.

Kennari þarf að íhuga:

- Hvers konar fjölmiðla treysti ég mér til að starfrækja með nemendum?
- Hvaða aðstoð og búnaður er tiltækur?
- Hvaða tími og fjármagn er til ráðstöfunar?
- Eru nemendur mínir allir að starfa í sama fjölmiðli, t.d. að allir hópar eigi innlegg í eitt bekkjarblað, útvarp, netmiðil eða sjónvarp (tekið upp á myndatökuvél og síðan sýnt) eða er hægt að gefa út fjölbreyttari miðla?

Hér veldur hver á heldur.

Hugmyndir að útfærslu:

- Fjalla í upphafi almennt um fjölmiðla og fjölmiðlalæsi, staldra við lykilhugtök en vinna svo betur með einstökum nemendahópum. Þannig væru haldin „örnámskeið“ fyrir þá sem veljast í sama starf (t.d. ljósmyndaranámskeið, blaðamannanámskeið).
- Fjallað sé um efni heftisins, frá opnu til opnu með öllum nemendahópnum og öllum leyft að prófa að spreyta sig í einstökum hlutverkum. Þannig skrifi allir stutta frétt, lesi texta fyrir upptöku o.þ.h.

Vinna nemenda við texta sem þeir taka sjálfir þátt í að móta styrkir færni þeirra í íslensku. Áður en texti birtist eða er lesinn í fjölmiðli þarf að vinna hann til fulls. Alvaran sem fjölmiðlarekstrinum fylgir, auglýsingaöflun, val á markhópi, hópvinnan; allt ætti þetta að hjálpa til við að auka ábyrgðarkennd nemenda.

Nemendur vilja reglufestu og öryggi. Til þess að vinna nemenda sé vönduð þurfa þeir að vita til hvers er ætlast af þeim og hvaða skilyrði verkefni þeirra þurfa að uppfylla til þess að árangur teljist fullnægjandi. Þetta þarf að liggja fyrir og ræða áður en verkefnavinna hefst. Nemendahópurinn þarf að vita hvernig staðið skuli að verki, hvaða umgengnisreglur gilda í vinnunni, hvaða efni, tæki og áhöld eru í boði. Það er einnig gríðarlega mikilvægt að kennari komi á þeirri venju að búið sé að ganga frá vinnusvæðinu þegar kennslustund lýkur – verkefni er ekki fullunnið fyrr en frágangi er lokið. Vinnustundir eiga að einkennast af vinnusemi, glaðværð og vandvirkni.

Vinna við fjölmiðla er tímafrek. Hver kennari verður að meta hversu langan tíma hann tekur í þetta þema, hversu mikið er unnið í skóla og hversu mikið í heimavinnu. Árangurinn verður í flestum tilvikum ánægjulegur og eftirminnilegur fyrir alla þá sem að verkinu koma. Æfingin skapar meistarann og nemendur þjálfast í vönduðum vinnubrögðum. Það er því álitlegur kostur að nemendur taki fyrsta fjölmiðlaþemað í 5. bekk þar sem megináhersla er á að kynna fjölmiðla og hlutverk þeirra sem þar starfa, í 6. og 7. bekk er síðan hægt að nota þessa vinnuáðferð til þess að skila afurð og tengja hana t.d. vinnu um Norðurlöndin, Evrópu, vísindi eða aðrar hugmyndir að verkefnum sem koma frá nemendum.

## Hópstarf

Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram í samvinnu nemenda í minni hópum og þeir vinni saman að rekstri fjölmiðils.

Blöndun í hópa og verkaskipting í hópum skiptir hins vegar sköpum fyrir áframhaldandi starf. Kennari þarf að taka afstöðu til þess hvernig skipað er í hópa. Velja nemendur sig saman, ráða hæfileikar og áhugi hvers og eins nemanda því hvernig skipað er í hópa eða aðstoðar kennarinn við að

raða í hópa? Eðlilegt er að markmið verkefnisins og aðstæður í námshópnum ráði því hvernig kennari hagar skipan í hópa.

Í nemendaheftinu er fjallað á skemmtilegan hátt um mismunandi og ólík hlutverk í því hópastarfi sem rekstur fjölmiðils er. Eðlilegt er að þessi umfjöllun sé höfð til hliðsjónar við skiptingu í hópa. Vinna þarf gegn mismunun af ýmsum toga, svo sem því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar, og sérstaklega skal þess gætt að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri. Áhersla er á að nemendur geti bent á hvað er jákvætt í eigin fari og annarra. Hver er góður í hverju? Út frá því geta þeir skipt á milli sín hlutverkum.

## Skóli og samfélag

Aðalnámskráin leggur áherslu á samvinnu heimila, skóla og ýmissa aðila í samfélaginu um nám á grunnskólastigi. Þar er m.a. hvatt til virkrar þátttöku þeirra í einstökum verkefnum, einkum þeim sem snúa að nánasta umhverfi nemenda og heimabyggð. Við vinnu á viðfangsefnum eins og sett eru fram í þemaheftinu *Gjallarhornið* gefast ýmis tækifæri til að tengja saman skóla, heimili, umhverfi og samfélag. Hver og ein fjölskylda nýtir sér fjölmiðla með ólíku móti og fjallað er um nærsamfélag skólans með ólíkum hætti í fjölmiðlum. Rétt er að vekja athygli nemenda á sérstöðu ólíkra byggðarlaga með tilliti til aðgengis að fjölmiðlum.

## Vettvangsferðir og heimsóknir

Í aðalnámskrá er litið svo á að vettvangsferðir auðgi og styrki nám. Auðvelt er að tengja þetta viðfangsefni vettvangsferðum, þrátt fyrir að staðhættir og aðstæður séu vissulega mismunandi milli sveitarfélaga. Á það skal bent að í flestum sveitarfélögum eru gefin út staðarblöð og þau halda úti heimasíðum þar sem gjarna birtast fréttir úr sveitarfélaginu. Hægt er að fara í vettvangsferð til fjölmiðilsins eða fá ritstjóra í heimsókn til þess að fjalla um störf sín. Þar sem því verður ekki viðkomið gætu nemendur spjallað við ritstjóra eða annað starfsfólk fjölmiðilsins í gegnum vefinn, t.d. í *Skype* eða á fjarfundum. En hægt er að komast í fjarfundabúnað hjá fræðslumiðstöðvum á landsbyggðinni (sjá: <http://www.fraedslumidstodvar.is/fraedslumidstodvarnar>). Þá er rétt að benda á þann mannaúð sem býr í foreldrahópnum. Leynist þar einhver sem hefur starfað við fjölmiðil? Afraksturinn gæti verið frétt sem birtist um vinnu nemenda í viðkomandi miðli.

## Gagnrýnin hugsun

Í þemaheftinu er fjallað um atriði sem er auðvelt að tengja íslenskri samtíð og krefjast gagnrýnnar og skapandi hugsunar nemenda. Nemendur eiga að beita athugunum á fjölmiðlaheiminn og að draga ályktanir út frá því sem þeir sjá og heyra. Sérstaklega er mikilvægt að rækta hæfni nemenda til að meta fréttir út frá eigin forsendum og benda þeim á að oftast eru fleiri en ein hlið á hverju máli. Að sama skapi er mikilvægt að þroska auglýsingalæsi þeirra, að þeir skilji tilgang auglýsinga og hvernig auglýsingar hafa mótandi áhrif á einstaklinginn.

## Lestur og orðaforði

Textinn og þau hugtök sem kynnt eru nemendum í þemaheftinu gera kröfur til lestrarfærni og leskilnings þeirra. Lögð er áhersla á að gera nemendum kleift að takast á við ný viðfangsefni sem taka mið af skilningi, þekkingu og reynslu þeirra en víkka jafnframt sjóndeildarhring, auka orðaforða og

þroska málfar. Óhjákvæmilega birtast í námsbók sem þessari ný og framandi hugtök sem eru ekki hluti af daglegu máli barna. Það er nauðsynlegt að kennarar leggi sérstaka rækt við þessi orð og lykilhugtök. Þess er vænst að verkefnavinnan auki skilning nemenda á hugtökum og orðum og kennarinn þarf að aðstoða nemendur við að greina á milli aðalatriða og aukaatriða í textanum. Sérstaklega þarf að hafa þetta hugfast við kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda sem ekki hafa fullt vald á lestri.

## Tjáning

Mikilvægt er að kennarar hvetji nemendur til þess að segja frá hugsunum sínum, skoðunum og tilfinningum, hvort heldur er formlega eða óformlega, yfir nemendahópinn í heild, í minni hópum eða í fjölmiðlinum. Rækta þarf með þeim þá hugsun að allt eigi sér stað og stund. Tjáning í formlegum fjölmiðli á að vera vandaðri og ígrundaðri en til dæmis óformlegt spjall á samskiptavefjum.

Tjáning getur einnig verið leikræn og með myndsköpun. Þátttaka í rekstri fjölmiðils gefur margvísleg tækifæri til leikrænnar tjáningar og myndsköpunar, þó mismikið eftir því hvaða miðill/miðlar verða fyrir valinu.

Lestur og ritfærni eru lykill að námi. Þekkingarmiðlun í þjóðfélagi okkar byggist mikið á því að menn hafi hæfni til að tjá sig í rituðu máli. Þess vegna er þýðingarmikið að nemendur fái tækifæri til þess að orða hugsun sína á frumlegan, skýran og skipulegan hátt. Þemað býður upp á fjölbreytta möguleika í vinnu með skapandi ritun.

## Námsmat

Námsmat þemans byggist á þeim markmiðum sem kennari setur. Yfirleitt má meta hvort markmiðum hafi verið náð með því að fylgjast með vinnu nemenda. Kennari velur hvernig hann safnar gögnum, sem liggja að baki matinu, út frá þeim verkefnum sem nemendur fást við í þemavinnunni. Hiklaust á að meta framlag nemenda í hópstarfinu, því ferlið skiptir jafnvel meira máli en útkoman. Kennarinn ræðir við nemendur um hver markmið þemans eru og hvað á að meta. Hann bendir á að hann horfi til færnimarkmiða og leggi mat á virkni, framfarir og frumkvæði nemenda. Nemendum verður að vera ljóst á hverju námsmatið byggist og brýnt er að matið hvetji þá til frekara náms og ígrundunar og stuðli að auknu samstarfi heimila og skóla. Sú vitneskja sem námsmatið veitir hjálpar kennurum einnig að leggja mat á skipulag þemans, viðfangsefni og kennsluhætti.

Eftir umræðu um markmið ætti kennari að setja upp á töflu þau markmið sem hann vill leggja mat á hverju sinni.

## Sjálfsmat

Sjálfsagt er að hver nemandi meti eigin frammistöðu og geri grein fyrir framlagi sínu í hópstarfinu. Með **sjálfsmati** getur nemandinn, kennari og foreldrar betur gert sér grein fyrir framvindu námsins. Þá er sjálfsmat hópa æskilegt í þemavinnu. Þannig metur hópurinn vinnuframlag hvers og eins í verkefnavinnunni. Mikilvægt er að nemendur felli ekki dóma um sjálfa sig eða aðra sem persónur heldur meti þeir viðhorf, vinnuframlag og/eða færni innan ákveðinna námssviða.

### Sjálfsmat

Nafn \_\_\_\_\_

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Ég skildi tilganginn með verkefninu				
Ég nýtti tímann vel				
Ég leitaði aðstoðar ef mig vantaði hjálp				
Ég vandaði mig við úrlausn og frágang verkefna				
Ég lagði mig fram í samskiptum				
Ég tók virkan þátt í hópstarfinu				
Ég var jákvæð(ur) fyrir hópstarfinu og verkefninu				
Ég stóð við það sem ég lofaði í hópinnunni				
Ég var virk(ur) og hvetjandi í hópinnunni				

(Til útprentunar hér)

## Jafningjamat

Gagnlegt er að nemendur meti vinnu samnemenda sinna. Með **jafningjamati** gefst nemendum kostur á að skoða þátttöku sína í þemavinnunni frá öðru sjónarhorni. Skapa má umræðu um vinnuframlag hvers og eins með það að leiðarljósi að viðkomandi geti bætt sig.

### Jafningjamat

Nafn nemanda sem metinn er: \_\_\_\_\_

	Alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan
Kom á fundi og var stundvís				
Kom með öll gögn og var dugleg(ur) á fundum				
Lauk þeim verkefnum sem hún/hann tók að sér				
Hafði hvetjandi áhrif innan hópsins				
Tók virkan þátt allt vinnuferlið				
Deildi hugmyndum sínum með öðrum				
Var jákvæð(ur) gagnvart hugmyndum annarra				
Hafði gott skipulag á gögnum				
Var vandvirk(ur) í vinnubrögðum				

(Til útprentunar hér)



## Ýmsar ábendingar

Áður en hafist er handa getur kennari haft stutta **forkönnun** til þess að meta hversu vel nemendur þekkja til fjölmiðla og hvernig þeir nýta sér þá.

Áður en kemur að hópaskiptingu getur kennari gert stutta **áhugasviðakönnun** til þess að hann og nemendurnir geri sér betur grein fyrir hvað muni henta þeim í þemavinnunni. Rétt er að undirstrika að kennarinn ber ábyrgð á hópaskiptingunni og á eftir fremsta megni að stuðla að því að hver og einn nemandi fái verkefni við hæfi.

Rétt er að staldra við **lykilorð** á hverri og einni opnu og fjalla um merkingu þeirra.

Nemendur þurfa að vera vel meðvitaðir um **verkaskiptingu og hlutverk** hvers og eins í hópverkefnum.



# Um hverja og eina opnu

## Hvað er fjölmiðill?

Á fyrstu opnu er fjallað um hvað er fjölmiðill og um samvinnu og verkaskiptingu þeirra sem starfa saman á fjölmiðlum. Ágætt getur verið að kanna í upphafi fjölmiðlanotkun barnanna áður en lengra er haldið og jafnvel að þau kanni fjölmiðlanotkun á heimili sínu.

- Hvaða blöð og tímarit (landsblöð, staðarblöð, tímarit) lestu? Hvað lestu helst í þessum blöðum og tímaritum?
- Hvaða útvarpsstöðvar og þætti hlustar þú á?
- Hvaða sjónvarpsstöðvar (skoða sjónvarpsdagskrá seinustu viku) horfir þú á?
- Hvaða netmiðlum fylgist þú með?

Rétt er að staldra vel við hlutverk fjölmiðla, mikilvægi fjölmiðlalæsis, opna augu nemenda fyrir áhrifum fjölmiðla og fjalla um skilin til dæmis á milli auglýsingabæklings og fjölmiðils. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að skoða ólíka fjölmiðla og greina hver séu sérkenni þeirra. Gagnlegt er að fá sent í skólann ríflegt „bökkjarsett“ af dagblöðum, sýnishorn af margvíslegum tímaritum og staðbundnum blöðum. Ráðlegt er að vera í sambandi við starfsmann skólasafns við öflun þessara gagna. Á heimasíðum fjölmiðla má sjá upptökur af útsendingum fréttu og ýmissa annarra þátta. Mörg skólasöfn eru áskrifendur að tímaritum. Hvaða tímarit eru þetta og hver eru sérkenni þeirra?

### Æfing:

Gott er að kennari komi með dæmi um nýlega frétt sem börnin kannast við og hefur birst í mörgum miðlum. Birtist fréttin eins í öllum miðlum eða tekur hún breytingum eftir ritstjórnarstefnu, viðhorfi eða sérkennum viðkomandi miðils?

## Hvað heitir fjölmiðillinn?

Æskilegt er að tengja umfjöllunina við miðla/þætti/viðfangsefni sem nemendur þekkja og nota. Má þar nefna sem dæmi barnakálfa dagblaða, íþróttafréttir o.fl.

Hér gefst tækifæri til skapandi umræðna um nöfn og heiti. Mikilvægt er að kennari gefi nemendum góðan tíma til að velja nafngiftinni fyrir sér, bæði í litlum hópum og einnig með öllum bekknum. Hægt er að koma inn á fallbeygingu, hversu þjálta er nafnið? Segir það eitthvað um efni fjölmiðilsins, samsett orð og nýyrði o.s.frv.

Verkaskipting er þýðingarmikil en hún þarf ekki að vera með sama sniði og sett er upp í þemaheftinu. Ef nemendur ætla að starfrækja útvarpsstöð gætu þeir, t.d. tveir og tveir, borið ábyrgð á klukku-stundarlöngum þætti, þar með talið að afla styrktaraðila og auglýsenda, sama á við um blaðaútgáfu þar sem pör bera til dæmis ábyrgð á einni opnu. Mikilvægt er að skrá á veggspjald hver verkaskiptingin er og hvenær skilafrestur er á tilteknum áföngum í þemanu.

### Æfing:

Til þess að nemendur átti sig betur á gildi allra starfa á hverjum og einum miðli er ágætt að leggja eftirfarandi lista fyrir þá:

Hversu mikilvæg eru störfin á viðkomandi fjölmiðli?  
Gefðu hverju starfsheiti 1–3 stig eftir mikilvægi.

	Prentmiðill	Útvarp	Sjónvarp	Vefmiðill
Blaðamenn				
Dagskrárgerðarfólk				
Lesarar				
Tæknifólk				
Útlitshönnuðir				
Stílistar				
Búningahönnuðir				
Förðunarmeistarar				
Leikmyndahönnuðir				
Smiðir				
Ljósmyndarar				
Kvikmyndatökumenn				
Teiknarar				
Tónlistarfólk				
Auglýsingagerðarfólk				
Markaðsfólk				
Ritstjórar				

**(Til útprintunar hér)**

## Blaðamaður

Það skiptir máli að nemendur hafi í huga að oft eru margar hliðar á hverju máli.

- Hvar koma ritstjórnaráherslur inn í þetta mál og sérkenni viðkomandi miðils?
- Hvað er frétt?
- Hvað er auglýsing?

### Æfing:

Mælt er með því að kennari fari með nemendum í gegnum eitt dagblað og greini á milli efnisflokka. Það fer ágætlega á því að nemendur klippi blað í sundur eftir efni og raði öllu efninu upp á nýjan leik eftir efnisflokkum, t.d. fréttir, auglýsingar og afþreying. Hver nemandi fær þannig eina eða fleiri síður til þess að klippa niður (muna að hafa tvö eintök af sama blaðinu svo hægt sé að klippa báðar hliðar síðunnar).

Þessu næst er hægt að láta nemendur hugleiða hvað þeir telji tíu mikilvægustu fréttirnar í blaðinu. Halda þeir að foreldrar þeirra væru þeim sammála?

- Er á einhvern hátt hægt að flokka þessar fréttir í neikvæðar fréttir og jákvæðar fréttir?
- Er frétt bara frétt?
- Hvaða tilfinningu vekja fréttir?
- Eru íþróttafréttir skrifaðar líkt og fréttir um fjármál og aflabrogð?

Einnig er gagnlegt að nemendur velti fyrir sér mismunandi stílbrigðum og málfari eftir efnisflokkum fréttanna.

## Viðtöl

Nauðsynlegt er að nemendur fái þjálfun í undirbúningi viðtala. Þeir gætu prófað spurningar á bekkjarfélögum áður en þeir taka viðtal við ætlaðan viðmælanda. Ágætt er að kennari fjalli sérstaklega um muninn á viðtali sem birt er annars vegar í beinni ræðu og hins vegar óbeinni ræðu. Börn á miðstigi eru líkleg til að vilja taka „yfirheyrsluviðtal“, þ.e. um uppáhaldsmat, fótboltalið og tónlist. Þá er rétt að beina þeim í bitastæðari viðtöl þar sem leitað er eftir álitum eða þekkingu viðmælanda á tilteknu viðfangsefni. Í þessari umfjöllun er sjálfsagt að kynna til sögunnar spurnarorðin:

- Hvað?
- Hver?
- Hvenær?
- Hvar?
- Hvernig?
- Hvers vegna?

### Æfing:

Gaman gæti verið að fela nemendum það verkefni að semja frétt út frá eftirfarandi stikkorðum: Mánudagur, miðbær Akureyrar, skartgripaverslun, bíll í lausagangi, tveir menn hlaupa út úr verslun.

## Lesari

Mælt er með því að allir nemendur séu teknir upp á myndband við upplestur, fái tækifæri til að tjá sig, jafnvel í einrúmi, og fái leiðsögn og þjálfun til þess að gera betur. Hér gæti verið gott að fá aðstoð samstarfsfélaga eða sérfræðings úr foreldrahópi (til dæmis leikara) eða starfsmanns félagsmiðstöðvar sem hefur bakgrunn í leiklist.

### Æfing:

Hvatt er til þess að kennari sýni nemendum 2–3 þætti úr sjónvarpi þar sem umsjónarmenn þáttanna bera sig ólíkt að við framsetningu efnis. Þá kemur vel til greina að hlusta í stutta stund á allar þær útvarpsstöðvar sem nást á svæði skólans og greina muninn á framsetningu efnis í þeim þáttum sem heyrast.

Enn skal ítrekað mikilvægi þess að fjalla vel um fjölmiðlalæsi (sjá bls. 23).

Á vef Námsgagnastofnunar er að finna námsefnið *Lesið til skilnings* þar sem fjallað er um gagnvirkan lestur. Þar er að finna kennsluleiðbeiningar og æfingatexta fyrir nemendur.

[http://vefir.nams.is/lesid\\_til\\_skilnings/lesidtilskilnings\\_klb.pdf](http://vefir.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf)

[http://vefir.nams.is/lesid\\_til\\_skilnings/lesidtilskilnings\\_aef.textar.pdf](http://vefir.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_aef.textar.pdf)

Hér fyrir neðan er ítarlegri umfjöllun um gagnvirkan lestur en kemur fram í bókinni.

Gagnlegt getur verið að ljósrita þessa síðu og fá nemendum þegar þeir eru að lesa texta.



## Gagnvirkur lestur

Ein leið sem mörgum hefur gagnast vel við lestur er að beita svokölluðum gagnvirkum lestri. Í stuttu máli fer hann þannig fram:

**Skoðaðu** – Líttu yfir textann áður en þú byrjar að lesa,

- lestu fyrirsagnir
- skoðaðu myndir
- veltu fyrir þér eða spáðu fyrir um hvað textinn fjallar.

**Útskýrðu** – Lestu textann og fylgstu vel með hvort þú skiljir hann. Ef eitthvað er óljóst, getur þú

- prófað að lesa aðeins áfram og gáð hvort skýring kemur í framhaldinu
- athugað hvort óþekkt orð líkist orði sem þú þekkir og skilur
- athugað hvort þú þekkir einstaka hluta í samsettu orði og þannig ályktað hvað orðið geti þýtt
- spurt féлага eða kennara eða leitað í orðabók.

**Dragðu saman** – Þegar lestri textans er lokið rifjar þú upp meginatriðin og gott er að skrifa þau hjá sér í fáeinum setningum. Oft eru vísbendingar um hvað er mikilvægast, t.d.

- fyrirsagnir kafla og millifyrirsagnir gefa oft vísbendingar um mikilvæg atriði
- feitletranir mikilvægra orða
- myndir og myndatextar
- samantekt höfundar í lok kafla.

**Spyrðu spurninga** – Að lokum er gott að búa til spurningar um mikilvægustu atriðin. Gættu þess að orða spurningarnar þannig að ekki sé hægt að svara þeim með já eða nei. Þú þarft að líka að geta svarað þeim.

Þessi aðferð nýtist vel við lestur á fræðitexta en gagnast einnig við lestur á annars konar lesefni, t.d. greinum í blöðum og netmiðlum.

Við lesum gjarnan á mismunandi hátt. Það er munur á því hvort við erum að lesa spennandi sögu-bók eða fræðibók. Sögubókina lesum við kannski nokkuð hratt, ekki endilega frá orði til orðs, heldur fer einbeitingin í að ná söguþræðinum. Þá höfum við í huga að fylgjast með persónunum; áttum okkur á því hvernig þær tengjast og hvaða áhrif atburðirnir sem sagt er frá hafa á þær. Öðru máli gegnir ef við erum að lesa til að læra eitthvað nýtt, t.d. fræðitexta eða námsbók. Þá þurfum við að lesa frá orði til orðs, staldra við og spyrja okkur hvort við skiljum, kannski að tengja við eitthvað sem búið er að læra áður, jafnvel skoða og bera saman við skýringarmyndir í textanum.

(Höfundur: Anna Guðmundsdóttir)

**Tilvalið er að prenta þessa síðu út  
og fara yfir með nemendum.  
Útprintun hér.**

## Tækni og tónlist

Þegar fjallað er um tækni og tónlist er gagnlegt að hafa í huga að umfang tækninnar er mismikið milli þeirra miðla sem nemendum er ætlað að starfrækja. Ef um er að ræða ...

- **prentmiðil** mun duga tölva, myndavél, skanni og prentari (ef fjölfalda á blaðið í skólanum).
- **sjónvarpsstöð** er vænlegt að notast við myndbandsupptöku sem síðan er sýnd á tjaldi og fjölfölduð á DVD-diska til dreifingar (og hugsanlega sölu). Að öllu jöfnu duga þá tvær myndbandstökuvélar til viðbótar því sem áður er talið upp en huga þarf sérstaklega að lýsingu og hljóði.
- **netmiðil** verður málið öllu flóknara ef um er að ræða útvarpsstöð sem sendir út til hlustenda í hverfinu. Afla þarf tilskilinna leyfa frá fjölmiðlanefnd ([www.fjolmidlanefnd.is](http://www.fjolmidlanefnd.is)) og fá viðeigandi búnað og tæki til útvarps. Einn möguleiki getur verið sá að taka útvarpsefni upp fyrir fram og hafa það aðgengilegt á netinu.

Á blaðsíðu 12 eru nemendur hvattir til þess að hlusta á tvær útgáfur á laginu „La Bamba“. Á netinu er þessar tvær útgáfur að finna:

Ritchie Valens: <http://www.youtube.com/watch?v=Jp6j5HJ-Cok>

Los Lobos: [http://www.youtube.com/watch?v=T\\_SS-TyXhhU](http://www.youtube.com/watch?v=T_SS-TyXhhU)

Æfingar á bls. 13 bjóða upp á samstarf við tónmenntakennara. Það er margt líkt með kynningarstefjum og hringitón farsíma. Ef til vill er hægt að nálgast verkefnið með því að fá nemendum það verkefni að búa til stef sem gæti hvort heldur verið hringitónn eða kynningarstef.

## Leikmynd og útlit

Á sjónvarpsstöðvum eru leikmyndadeildir. Prentmiðlar og útvarpsstöðvar hafa ekki sömu þörf fyrir slíka deild en þær hafa samt þörf fyrir starfsfólk sem sér um að skapa ímynd fjölmiðilsins. Það sem þarf að huga að er t.d.:

- nafn og merki fjölmiðilsins (lógó)
- útlit
- stef eða tónlist

Þetta þarf að falla vel að ímyndinni sem á að skapa og ná til markhópsins.

Hér eru tækifæri til að nýta hæfileika þeirra nemenda sem hafa næmt auga fyrir litum, tísku, eru listrænir, handlagnir og röskir til verka. Leiðbeiningar á opnunni geta enn fremur komið að notum þegar nemendur setja upp leikrit í skólanum. Ef setja á upp sjónvarpsstöð er eindregið hvatt til þess að þemað sé unnið í nánú samstarfi við list- og verkgreinakennara. Þá skal enn áréttað að leitað sé samstarfs við foreldra og aðila í grenndarsamfélagi skólans eins og félagsmiðstöðva.

Á bls. 14 er æfing í því að hanna bakgrunn, klæðnað og förðun. Blað til útprintunar fyrir æfinguna er hér.

## Umbrot

Þegar fjallað er um umbrotið skiptir máli að sýna dæmi af forsíðum íslenskra dagblaða og tímarita.

Margir nemendur velta ekki fyrir sér mun á leturgerðum. Æskilegt er að kennari birti með hjálp skjávarpa eða raftöflu sama textakaflann með ólíkum leturgerðum til þess að sýna nemendum muninn á þeim. Ágætt er að nota til dæmis þær leturgerðir sem kynntar eru á bls. 16. Þessi umfjöllun skiptir máli þegar nemendur fara að velja leturgerðir í fyrirsagnir og greinar og rétt er að benda þeim á að læsileiki er mjög misjafn eftir því hvaða letur verður fyrir valinu.

Þá þarf að fjalla um hugtök eins og fyrirsögn, millifyrirsögn, myndatexti, dálkafjöldi, línubil, og orðabil.

Uppsetning blaða er nokkuð einföld í forritum eins og Microsoft Publisher. Í því forriti er meðal annars hægt að velja um nokkrar gerðir sniða fyrir blöð sem hægt er að breyta eins og hæfir í hverju og einu tilviki. Ef það forrit er notað er ágætt að kynna það nokkuð vel fyrir nemendum áður en hafist er handa.

Oft lenda nemendur í vandræðum með að láta efni falla nákvæmlega á síðu. Gagnlegt er að hafa ætíð nóg „loft“ á síðunni svo hægt sé að koma textanum betur fyrir. Þá er hægt að minnka og stækka myndir, svo fátt eitt sé talið.

## Ljósmyndari

Í dag er nánast hver einasti farsími með innbyggða myndavél og fjölmargir nemendur á miðstigi eiga slíka gripi. Einföld tölvuforrit gera okkur síðan kleift að meðhöndla ljósmyndir þannig að gæði þeirra séu hámarks. En hvað er góð ljósmynd? Á heimasíðu National Geographic er að finna aragrúa góðra fréttaljósmynda. Sjá t.d.

<http://news.nationalgeographic.com/news/2012/02/pictures/120215-world-press-photo-best-news-pictures-photos/>

Hægt er að hafa stuttan ljósmyndasprett þar sem nemendur reyna að taka ljósmyndir sem eiga að vekja tiltekin hughrif eða sýna ákveðin sjónarhorn:

- Sorg
- Margur er knár þótt hann sé smár
- Hamingja og gleði
- Einsemd
- Verndum umhverfið
- Sóðaskapur
- Heilbrigð sál í hraustum líkama

Á síðu Námsgagnastofnunar er að finna námsefni þar sem farið er í helstu grunnþætti ljósmyndunar. Um er að ræða kennsluleiðbeiningar og verkefni fyrir nemendur.

[http://vefir.nams.is/stafraen\\_ljosmyndun/staf\\_ljos\\_klb.pdf](http://vefir.nams.is/stafraen_ljosmyndun/staf_ljos_klb.pdf)

[http://vefir.nams.is/stafraen\\_ljosmyndun/staf\\_ljos\\_nem.pdf](http://vefir.nams.is/stafraen_ljosmyndun/staf_ljos_nem.pdf)



Einnig er hægt að finna á netinu leiðbeiningar um grundvallaratriði mynduppbyggingar (sjá t.d. <http://photography.nationalgeographic.com/photography/photo-tips>). Kjörið tækifæri er að skoða myndir sem nemendur hafa tekið til þess að velta upp hvað telst góð mynduppbygging, hvað er fókus, hvað er hreyfð mynd, birtustig, sjónarhorn o.fl.

Eðlilegt er að velta upp spurningunum: Hvað er góð skýringarmynd? Hvenær á að nota ljósmynd og hvenær skýringarmynd? Í nemendahópnum eru mjög margir hæfileikaríkir teiknarar sem gætu blómstrað í útgáfustarfsemi og oft á tíðum getur teiknuð mynd útskýrt umfjöllunarefnið betur en ljósmynd.

Þegar fjallað er um ljósmyndir gæti verið viðeigandi að kanna jafnrétti í fjölmiðlum. Þá fá nemendur það verkefni að fara í myndgreiningu á prentmiðli. Hversu margir fullorðnir, skipt eftir kynjum, eru á ljósmyndum í blaðinu? Hversu margir unglingar sjást og börn? Ef þetta er allt hengt upp á töflu gæti komið upp fróðleg umræða um jafnrétti (kyn og aldur).

Börn		Unglingar		Fullorðnir	
Kvenkyn	Karlkyn	Kvenkyn	Karlkyn	Kvenkyn	Karlkyn

### Æfing:

Aukaverkefni fyrir ljósmyndaopnuna:

1. Hvernig gætuð þið myndskreytt grein um:
  - Hlýnun jarðar?
  - Samskipti stráka og stelpna?
  - Ferðamenn á Íslandi?

Leitið á netinu og finnið nokkrar myndir sem koma til greina eða takið ljósmyndir sjálf sem þið getið hugsað ykkur að nota. Ræðið um myndirnar.

2. Veljið ykkur dagblað, klippið út fimm ljósmyndir og gerið nýjar fyrirsagnir við myndirnar.
3. Veljið ykkur dagblað, klippið út fimm fyrirsagnir og finnið svo ljósmyndir annaðhvort á netinu eða í öðrum dagblöðum sem passa við fyrirsögnina.
4. Æfið ykkur í að taka ljósmyndir frá mismunandi sjónarhorni og með mismunandi áherslum á myndefnið. Skoðið myndirnar í hópum og veltið því fyrir ykkur hvað breytist þegar sjónarhorninu er breytt.

### Markaður

Í þessum kafla er hægt að velta upp mörgum spurningum, s.s.: Hvernig er hægt að ná til markhópsins? Hvaða leiðir eru færar? Hvað er auglýsing og hvað ekki? Hvað má auglýsa?

Það skiptir miklu máli að fjalla rækilega um hvað er auglýsing og hvað ekki. Mikilvægt er að gefa dæmi um slíkt þar sem mörkin eru mjög óljós. Hér er t.d. hægt að skoða svokallaðar fréttatilkynningar sem oftast en ekki eru skrifaðar af markaðsdeildum fyrirtækja og sendar á fjölmiðla. Er það

auglýsing eða er það frétt þegar ný tegund af húðkrems kemur á markað og fjallað er um á áberandi máta í fjölmiðlum? Einnig má nota dæmi úr kvikmyndum þar sem tóbaksframleiðendur styrkja framleiðslu tiltekinna kvikmynda jafnvel þó að vörumerki sjáist ekki – það er nóg að „hetjan“ reyki í myndinni.

Þá er æskilegt að velt sé upp spurningum eins og: Vill eigandi fjölmiðils auglýsa hvað sem er í miðlinum? Ef eitthvert fyrirtæki vildi auglýsa „léttöl“ í barna- og/eða unglingsblaði – yrði því tekið fagnandi? Hvernig auglýsingar eru helst að finna í barnablöðum? Eru til auglýsingar sem höfða sérstaklega til barna? En unglinga? Er eitthvað að því að beina auglýsingum sérstaklega til barna? Þegar leitað er svara við þessum spurningum er rétt að benda á lög um fjölmiðla (sjá aftast í þessum leiðbeiningum).

Í umfjöllun um markaðinn þarf að ræða atriði eins og kostnað við rekstur miðilsins (útgáfukostnaður prentmiðils), fjármögnun, upplag prentmiðils og dreifingu prentmiðils. Tilvalið er að spyrja ritstjóra fjölmiðils út í þetta, t.d. í vettvangsheimsókn eða í netspjalli.

### Æfing:

Auglýsingar eru það efni í fjölmiðlum sem greitt er fyrir. Nemendur geta kannað verðlagningu auglýsinga hjá fjölmiðlum og athyglisvert væri fyrir þá að átta sig á því hvað t.d. gerð og birting heilsíðuauglýsingar í dagblaði kostar mikið, 15 sekúndna auglýsing í sjónvarpi o.þ.h. Ef afla á tekna í miðlinum með auglýsingum er ágætt að nemendur átti sig á því hvernig auglýsingar hækka í verði eftir stærð/lengd. Í prentmiðlum eru auglýsingar verðlagðar eftir dálksentimetrum og yfir hversu marga dálka þær ná. Þá er greitt mismikið fyrir auglýsingu eftir staðsetningu í blaðinu. Baksíða og síða 3 eru oftast dýrustu síðurnar í prentmiðlum og auglýsingar á undan fréttatíma og öðrum vinsælum þáttum í sjónvarpi.

## Ritstjórinn

Hvatt er til þess að í umfjöllun um þennan kafla sé farið vel í gegnum nokkur sýnishorn af t.d. dagblöðum og fréttatímum útvarps og sjónvarps og þá sérstaklega vísað til æfinga 1 og 2 á bls. 23.

Ritstjórar koma gjarnan að gerð fyrirsagna. Til þess að skerpa skilning nemenda á hlutverki fyrirsagna er hægt að láta þá glíma við að velja fyrirsögn á frétt og hvetja þá til þess að gera það með hliðsjón af ólíkum sjónarmiðum eða sérkennum. Fréttin gæti til dæmis verið um viðhorf nemenda til gæða skólamáltíða. Ef könnun sýnir að 50% nemenda eru ánægðir með matinn, 20% óánægðir og 30% hlutlausir gætu fyrirsagnir t.d. verið:

- Aðeins helmingur nemenda ánægðir
- Mikill minnihluti nemenda óánægður
- Könnun á skólamáltíðum
- Mat á mat!
- Fíla allir skólamatinn?

Gott er að nemendur velti fyrir sér hvaða fyrirsögn gefur sem réttasta mynd af fréttinni, hver þeirra grípur athygli lesandans/hlustandans og hver ekki. Eru allar fyrirsagnir við hæfi? Skilja allir fyrirsögnina?

Á blaðsíðu 23 er fjallað sérstaklega um fjölmiðla- og auglýsingalæsi. Nauðsynlegt er að fjalla ítarlega um þessi hugtök og gefa nemendum kost á umræðu um þau.

- Til hvers eru auglýsingar?
- Eru auglýsingar alltaf skemmtilegar?
- Hvað er auglýst? Af hverju þarf að auglýsa?
- Sýna auglýsingar alltaf rétta mynd af raunveruleikanum?
- Getur verið að stundum sé verið að lokka áheyrendur/áhorfendur með einhverjum brögðum til að eignast það sem verið er að auglýsa?
- Er spilað á tilfinningar okkar sem horfum/hlustum á auglýsingar?
- Hvernig er með jafnrétti kynjanna í auglýsingum? Eru konur og karlar í hefðbundnum hlutverkum í auglýsingum? (T.d. konur seiðandi og fallegar, karlar sterkir og svalir.)

Á síðunni [www.timarit.is](http://www.timarit.is) er hægt að nálgast gömul dagblöð, þar er hafsjór af skemmtilegum auglýsingum sem hægt er að tína til og skoða með nemendum, út frá skemmtigildi, jafnrétti, staðalímyndum kynjanna, upplýsingagildi, tilfinningagildi o.fl. Umræður um auglýsingar eru nauðsynlegar og hægt að virkja nemendur á fjölbreyttan hátt við kynningu, úrvinnslu og þælingar út frá þeim.

#### Fjölmiðlalæsi:

Að vera læs á fjölmiðla er að lesa efni frá fjölmiðlum með gagnrýnum huga, að átta sig á því að öll mál hafa fleiri en eina hlið. Kennari þarf að ræða með nemendum að boðskapur fréttar og auglýsinga er háður þeim sem skrifar fréttirnar (uppruni, menntun, aðstæður o.s.frv.) og þess sem borgar fyrir auglýsingarnar. Hvaða skilaboðum vilja þessir aðilar koma á framfæri, er alltaf allt satt og rétt í auglýsingum (og fréttum)?

Spurningar sem hægt er að setja fram:

- Hver skrifar skilaboðin?
- Veit sá allt sem gerðist?
- Hvaða aðrar hliðar getur málið haft?
- Hefur sá sem skrifar sterkar pólitískar skoðanir?
- Getur það haft áhrif á það sem maður skrifar?
- Af hverju er verið að skrifa fréttir?
- Af hverju þurfum við t.d. að vita um stríð úti í heimi?
- Af hverju þurfum við að vita hvort leikkonan Emma Stone kastaði upp vegna ástarsorgar eða hvort Tom Cruise gengur niður Laugaveginna eða ekki?

Hér er tilvalið að nota netmiðlana til að vekja upp umræður, t.d. fólknið á [mbl.is](http://mbl.is) eða lífið á [visir.is](http://visir.is).

Hvaða aðferðir eru notaðar til að ná athygli þinni? Er það málefnið? Er það grípani (rétt) fyrirsögn? Blikk auglýsingar? Áberandi myndefni?

## Lög um fjölmiðla

(Af heimasíðu fjölmiðlanefndar, <http://fjolmidlanefnd.is/>)

Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Fjölmiðlanefnd annast eftirlit með öllum leyfisskyldum og skráningarskyldum fjölmiðlum á Íslandi.

Fjölmiðlanefnd tók til starfa 1. september 2011. Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem annast eftirlit samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og daglega stjórnarsýslu á því sviði sem lögin ná til. Þá annast fjölmiðlanefnd þau hlutverk sem henni eru falin í öðrum lögum.

Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem annast eftirlit samkvæmt lögum um fjölmiðla. Markmið fjölmiðlalaga er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem notað er.

Fjölmiðlanefnd hefur það hlutverk að framfylgja reglum um auglýsingar. Í því felst m.a. að hafa eftirlit með því að auglýsingum og ritstjórnarefni sé ekki blandað saman og framfylgja banni við duldu auglýsingum. Fjölmiðlanefnd ber einnig að framfylgja reglum um kostun, vöruinnsetningu og fjarkaup.

Í fjölmiðlalögum er að finna ákvæði til verndar börnum gegn efni sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Í lögum eru einnig ákvæði um takmarkanir á auglýsingum sem beint er að börnum, m.a. bann við auglýsingum í kringum barnatíma.